

SOS BARNAPORPIN

Fréttablað 3. tbl. 19. árg. 2013

*Hvað varð um SOS börnin
sem komu í heimsókn til
Íslands árið 1999?*

Hrafnhildur heimsótti styrktarbarn sitt

Skjólvinufréttir Aftur í skólann

*Leikskólinn Álfaheiði
styrkir Lúkas*

Neyðaraðstoð SOS í Malí



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili



NEYÐARAÐSTOÐ SOS Í MALÍ

SOS Barnaþorpin hafa sinnt neyðaraðstoð í Malí undanfarna mánuði. Aðstoðin nær til flóttafólks frá Norður Malí sem leitað hefur skjóls í Mopti héraði en einnig til fjölskyldna sem hýst hafa flóttafólkið. Aðstoðin nær aðallega til kvenna og barna en áætlað er að 10,644 manns njóti neyðaraðstoðarinnar í heild. SOS Barnaþorpin á Íslandi styðja verkefnið um 13,3 milljónir króna og er stærstur hluti þeirrar upphæðar frá utanríkisráðuneyti Íslands.

Samkvæmt skýrslu sem gefin var út af SOS Barnaþorpinum í þeim tilgangi að fara yfir árangur neyðaraðstoðarinnar kemur fram að strax í byrjun verkefnisins hafi verið haft uppi á þeim

einstaklingum sem mest þurftu á aðstoðinni að halda. Alls voru 6,616 einstaklingar úr 1,034 fjölskyldum valdir til þess að fá næringu en ákveðnir einstaklingar voru í forgangi, til dæmis mæður með börn á brjósti, ófrískar konur, aldraðir og fatlaðir. Fyrsta úthlutun var þann 25. júlí síðastliðinn. Leitað var eftir vannærðum börnum undir fimm ára en alls fundust 1,874 börn við fyrstu leit. SOS Barnaþorpin veittu þessum börnum næringu, þeim vannærðustu fyrst. Ásamt þeim fengu ófrískar konur og konur með barn á brjósti einnig næringu. Um 1,000 börn sem voru fórnarlömb mannréttindabrota fengu stuðning, til að mynda sálfræðiaðstoð og menntun. Þá var flóttamönnum veitt aðstoð við að fá húsnæði á nýjum stað eða komast aftur til sinna heima.



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi
Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram
Ritstjóri: Sunna Stefánsdóttir
Heimilisfang:
SOS Barnaþorpin | Hamraborg 1 | 200 Kópavogi
Sími: 564 2910
sos@sos.is | www.sos.is

Umbrot: Pixel ehf
Prentun: Oddi
Prófarkalestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson
Forsíðumynd: Glaðir krakkar í SOS skóla í Malaví.
Ef ljósmyndara er ekki getið er myndin úr myndasafni SOS.

Frá framkvæmdastjóra

ÞÚ ERT SENDIHERRA FYRIR FORELDRALAUS BÖRN!



Desember er tími auglýsingaflóða en allt frá stofnun SOS Barnaþorpanna á Íslandi hafa samtökin farið sér hægt í að auglýsa í fjölmiðlum. Auglýsingar eru dýrar og eina féð sem við höfum handa á milli er það fé sem þú og aðrir styrktaraðilar gefa til starfsins. Þeirri stefnu stofnanda samtakanna hér á landi og forvera míns Ullu Magnússon að auglýsa ekki mikið hef ég fylgt en við gerum okkur öll grein fyrir því að hóflegar auglýsingar geta verið skynsamlegar. Vegna þessarar stefnu okkar gátum við í fyrra sent 87% af framlögum úr landi í barnaþorpin og önnur verkefni samtakanna.

Þeir eru til sem vilja að hjálparamtök noti allt að helming framlaga í kynningar- og markaðsmál. Því er ég ósammála. Ég hef átt samtöl við forsvarsmenn annarra samtaka sem undra sig á því hve margir styrki SOS Barnaþorpin þrátt fyrir þessa stefnu og hvetja okkur til að gera eins og þeir, þ.e. að auglýsa miklu meira.

Þeir hafa nokkuð til síns máls. Auglýsingar geta nefnilega virkað. En á meðan SOS Barnaþorpin eiga svo marga frábæra sendiherra sem raun ber vitni, venjulegt fólk sem valið hefur að styrkja foreldralaust barn úti í heimi, hefur af því mikla ánægju og hvetur aðra til að „taka að sér“ SOS barn, þurfum við ekki að nota hátt hlutfall styrktarfjár í auglýsingar. Þess í stað getum við sent féð í það sem því var ætlað: að hjálpa skjólstæðingum okkar úti í heimi.

Styrktaraðilar okkar eru nefnilega okkar besta auglýsing

og þannig hefur það alltaf verið. Þú ert sendiherra foreldralausra barna sem við höfum tekið að okkur og ætlum okkur að hjálpa í gegnum æskuárin svo þau, þrátt fyrir foreldramissinn, fái að lifa áfram, tilheyra ástríkrri fjölskyldu, geti orðið sterkir einstaklingar og lagt eitthvað gott af mörkum til samfélagsins.

Þess vegna vona ég að þú, hvort sem þú ert styrktarforeldri, skjólvinur, barnaþorpsvinur eða frjáls styrktaraðili, grípir tækifærið þegar það gefst og segir vinum, samstarfsfólki og ættingjum frá þessu tækifæri; að geta umbreytt lífi eins umkomulauss barns. Þannig getur þú hugsanlega haft þau áhrif að eitt barn til viðbótar bjargist úr klóm hirðuleysis, örbirgðar og eymdar. Og fyrir vikið getum við áfram sent sem allra mest af framlögum til skjólstæðinga okkar.

En ekki nóg með það, heldur gæti enn ein íslensk fjölskylda haft mynd af foreldralausu barni uppi á vegg hjá sér, hugsað með hlýju til þess á hverjum degi, litid á það sem hluta af fjölskyldunni og vitað að það er í öruggum höndum.


Eitt barn skiptir nefnilega máli. Og það gera líka þín orð.

Hjartans þakkir fyrir þitt framlag og gleðilega hátíð!

Ragnar Schram



HVAÐ VARÐ UM SOS BÖRNIN SEM KOMU Í HEIMSÓKN TIL ÍSLANDS ÁRIÐ 1999?



Þann 20. júní árið 1999 var haldið upp á 10 ára afmæli SOS Barnabörpna á Íslandi. Styrktarforeldrar og aðrir velunnarar samtakanna fylltu salinn í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem Júlíkvartettinn lék á meðan gestir gengu inn í húsið. Bergþór Pálsson var kynnir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, þáverandi borgarstjóri, bauð gesti velkomna og flutti ávarp og þakkir til allra styrktaraðila SOS Barnabörpna. Þetta var í alla staði fallegur og skemmtilegur dagur.

Í tilefni afmælisins buðu SOS Barnaþorpinn á Íslandi þrem ungmennum hingað til lands sem öll ólust upp í SOS Barnaþorpum í Asíu. Þetta voru þau Tenzing Lahdon frá Norður Indlandi, Chung Nguyen frá Hanoi í Víetnam og Jiji Ramakrishanan frá Suður Indlandi. Í þá viku sem þau voru hér á landi bjuggu ungmennin á heimili þáverandi framkvæmdastýru SOS á Íslandi, Ullu Magnússon, og ber hún þeim vel söguna.

Chung Nguyen

Á afmælishátíðinni sagði Chung, sem var þá sautján ára, frá því hvernig kona ein hefði fundið hana sem kornabarn á strætisvagnstöð. Nafn hennar fylgdi með á miða sem búið var að hefta við fót hennar. Konan tók hana með sér heim og ól hana til fimm ára aldurs en vegna erfiðra aðstæðna bað hún þá SOS Barnaþorpið í Hanoi um heimili fyrir hana. Þar myndi hún fá betra uppeldi og viðurværi auk menntunar sem hún var ekki sjálf fær um að veita henni. Konan heimsótti Chung þó reglulega í barnaþorpið og fylgdist vel með henni.

Tenzing Lahdon

Tenzing var á þessum tíma sextán ára og sagði frá því hvernig hún hafði fundist einhverstaðar á Norður Indlandi sem kornabarn og komið var með hana til SOS Barnaþorpsins í Greenfields. Hún vissi engin deili á sér og sagðist líta á SOS Barnaþorpið sem heimili sitt og móður sína og systkini þar sem sína fjölskyldu. Tenzing sagði á afmælishátíðinni að hún vildi verða lækni þegar hún yrði stór.



Jiji Ramakrishanan

Jiji stóð síðastur upp á hátíðinni og sagði frá því að hann ætti blóðföður á lífi en þrátt fyrir það væri fjölskyldan hans í SOS Barnaþorpinu í Trichur. Hans draumur var að mennta sig í tölvufræðum og sagðist hann vilja starfa hjá SOS í framtíðinni.

Hvað gerðist eftir heimsóknina?

Nú 14 árum seinna þegar starfsmenn SOS Barnaþorpanna á Íslandi rákust á gamalt fréttablað frá 1999 þar sem sagt var frá heimsókninni urðu þeir forvitnir um hvað hefði orðið um þessi skemmtilegu ungmenni og hvort draumar þeirra hefðu ræst. Rannsóknarvinnan hófst þar sem ýmislegt kom í ljós.

Chung fékk skólalystyrk til þess að stunda nám í „United World

College“ í Noregi. Eftir að hafa klárað nám þar flutti hún til Ástralíu til þess að læra hagfræði í háskólanum í Queensland. Þegar hún lauk því námi flutti hún aftur til Hanoi þar sem hún starfar nú. Hún heldur góðu sambandi við fjölskylduna sína í SOS Barnaþorpinu og heimsækir þau reglulega.

Tenzing kláraði SOS skólann með glæsibrag og fékk skólalystyrk til þess að stunda nám í „United World College“ í Noregi. Þaðan útskrifaðist hún með BA gráðu. Að því loknu fór hún til Bandaríkjanna og tók námskeið í viðskiptafræði og kláraði svo tveggja ára MA nám í lögfræði frá háskóla í Washington. Í dag býr hún í Washington og starfar í háskólanum sem hún lærði í. Hún er í góðu sambandi við SOS fjölskylduna sína.

Jiji kláraði grunnskólann einnig með glæsibrag og fékk líkt og hin ungmennin, skólalystyrk til þess að stunda nám í „United World College“ í Noregi. Hann brautskráðist þaðan og fór svo til Kanada þar sem hann bætti við sig BA gráðu í stærðfræði. Jiji er nýlega hættur í starfi sínu hjá BIOCON sem er eitt stærsta lyfjafyrirtæki á Indlandi. Hann hóf þá sjálfstæðan rekstur sem gengur mjög vel.



MYNDIR ÚR **SOS** **BARNABORPUNUM**



Beðið eftir kennslustund. Þessir nemendur eru í SOS skólanum í Louga í Senegal.



Þessi glæsilega stúlka býr í SOS Barnaborpi í Laos.



Það er gott að eiga góða systur! Þessar flottu systur búa í SOS Barnaborpinu í Damaskus í Sýrlandi.



Ungabarn liggur á gjörgæslu á SOS heilsugæslunni í Kaolack í Senegal.



Fjörugir krakkar úti að leika í SOS skólanum í Malakal í Suður Súdan.



Krakkarnir í SOS Barnabörpinu í Sarajevó í Bosníu og Hersegóvínu tóku sér pásu frá boltaleiknum fyrir ljósmyndarann.



HRAFNHILDUR HEIMSÓTTI STYRKARBARN SITT

Hrafnhildur Baldursdóttir heimsótti styrktarbarn sitt til Eþíópíu í október.

„Alla þessa fjórtán daga sem ég var úti var farið eftir fyrirfram ákveðnu plani. Það var dagskrá fyrir hvern einasta dag, frá klukkan átta á morgnana til átta á kvöldin. Ég náði þó að bæta heimsókn í SOS Barnaþorpið við dagskrána,“ segir Hrafnhildur Baldursdóttir sem heimsótti styrktarbarn sitt til Eþíópíu í október.

Hrafnhildur fór ásamt hópi Íslendinga í skipulagða fjórtán daga ferð til Eþíópíu á vegum Bændaferða. Þar sem hún er styrktarforeldri ellefu ára stúlku í SOS Barnaþorpi í landinu fannst henni tilvalið að heimsækja hana í leiðinni. Vegna þess hve allir dagar voru fullskipaðir munaði minnstu að ekkert yrði úr heimsókninni.

„Planið var að heimsækja þorpið klukkan tvö og vorum við búin að láta vita að við myndum koma á þeim tíma. Hins vegar dróst dagskráin yfir daginn og þar sem heimsóknin var í raun mín viðbót við ferðina þá hafði annað forgang. Klukkan var orðin mikið meira en tvö og ég var í rauninni farin að hugsa um að hætta við að fara þar sem við vorum orðin allt

of sein. En sú hugsun dvaldi ekki lengi og ég ákvað að minnsta kosti að láta reyna á hvort við kæmumst ekki inn í þorpið þrátt fyrir að vera rúmum tveim tímum of sein. Og ég sá nú ekki eftir því.“

Þegar Hrafnhildur ásamt fararstjóra kom að þorpinu hófst mikil leit að forstöðumanni þorpsins sem hafði beðið eftir þeim við innganginn frá klukkan tvö en var nýfarinn til baka inn í þorpið. „Ég er svo ánægð með hversu mikið eftirlit er með þeim sem koma inn í þorpið. Það kemst sko ekki hver sem er inn,“ segir Hrafnhildur. Þegar forstöðumaðurinn var fundinn tók hann á móti þeim og fór með þeim inn í þorpið. „Það tóku allir svo vel á móti okkur. Börnin komu



Ferðafélagi Hrafnhildar gengur um SOS Barnaþorpið.

hlaupandi á móti okkur og spjölluðu á meðan forstöðumaðurinn fylgdi okkur að heimilinu hennar Belainesh*.

Fararstjórinn talar tungumálið og sagði mér að börnin væru að tala um að Belainesh ætti von á gestum og voru voðalega spennu fyrir hennar hönd.“

„Ég fann fyrir mikilli hlýju inni í húsínu,“ segir Hrafnhildur um heimili Belainesh. „Það var búið að skreyta gólfíð með grasi og blómum, búið að hella upp á kaffi, poppa og baka brauð. Allt fyrir okkur. Ég hef ekki séð aðrar eins móttökur og fékk smá samviskubít yfir að hafa látið þau bíða svona lengi. Svo var ég kysst og boðin velkomin. Svo sá ég Belainesh og hún var svo falleg. Það var yndislegt að hitta hana. Við föðmuðumst og héldumst í



SOS systkini Belainesh.

hendur á meðan við spjölluðum saman,“ segir Hrafnhildur.

Eins og eðlilegt er voru Hrafnhildur og Belainesh örlítið feimnar fyrst um sinn en þær spjölluðu um lífið og tilveruna. „Hún sagði mér frá sjálfri sér. Hvernig henni gengi í skólanum,

heilsunni og hverjir hennar framtíðardraumar væru. Hún ætlar nefnilega að verða vísindamaður!“

Hrafnhildur gaf Belainesh og SOS móður hennar nokkrar gjafir. „Ég keypti ýmislegt handa henni, til dæmis bol með lunda framan á, hárskraut, límmiða og fleira þess háttar. Einnig gaf ég henni Bleiku slaufuna sem ég sagði henni frá hvað væri og bað hana um að hugsa vel um heilsuna sína. Þá gaf ég SOS móður hennar pennaveski með blýöntum, litum og strokleðri ásamt límmiðum og fleira smádóti sem var ætlað fyrir hin börnin á heimilinu. Það er auðvitað vandi að velja réttu gjafirnar handa börnum við þessar aðstæður og þess vegna ákvað ég að gefa systkinum hennar líka eitthvað smáræði svo að þau yrðu ekki öfundsjúk.“

Hrafnhildur segir að allir á heimilinu, bæði SOS móðir og systkini Belainesh, hafi talað vel um hana. Þau sögðu hana vera indæla stelpu sem stæði sig vel í skólanum og væri dugleg að hjálpa til á heimilinu. „Hún er svo flott stelpa. Hún er gullfalleg og klár og lítur út fyrir að vera svo heilbrigð. Ég er ótrúlega stolt af henni og leið svo vel þegar fólkíð í þorpinu talaði um hana sem dóttur mína.“

Hrafnhildur segist hafa verið í sælúvímu þegar hún kom upp á hótél eftir heimsóknina sem hafi verið það sem stóð upp úr í allri ferðinni. „Þetta var yndisleg stund. Það var frábært að sjá hvað aðstæður í þorpinu voru góðar. Það var hreinlega allt til fyrirmyndar. Svo rann líka upp fyrir mér hvað það er verið að gefa þessum börnum mikla von. Alvöru von. Þau eiga alvöru fjölskyldu og heimili, eru í skóla og eiga sér raunhæfa drauma. Þau geta orðið allt sem þau vilja.“

*Nafni stúlkunnar hefur verið breytt vegna persónuverndar.



Hluti barnanna á heimilinu ásamt SOS móður þeirra.



ÚR MYRKRINU SKJÓLVINAFRÉTTIR

Móðir Bónu heldur á rafmagnsreikningi í höndunum og reynir að finna út hversu mikið hún þarf að borga þennan mánuðinn. Konan sem er á fertugsaldri snýr miðanum fram og aftur en skilur ekki það sem stendur. Þá kallar hún á ellefu ára dóttur sína og biður hana um að lesa reikninginn, sem hún gerir. „Ég les fyrir mömmu,“ segir Bóna stolt.



Bóna er að verða ellefu ára og í stað þess að vera í fimmta bekk líkt og jafnaldrar hennar er hún í öðrum bekk.

Betluðu á götunni

Foreldrar Bónu eru ólæsir. Þau voru bæði alin upp í mikilli fátækt í sveitum Kosovó og fóru aldrei í skóla og voru lengi vel bæði á þeirri skoðun að menntun væri ekki mikilvæg. Í von um betra líf fluttu hjónin til höfuðborgarinnar og gerðu sér heimili í niðurníddu og yfirgefnu húsi. Einu tekjur heimilisins voru þær sem fjölskyldumeðlimir betluðu á götunni. Tólf árum og sjö börnum síðar býr fjölskyldan enn í sama húsi.

Þegar Bóna varð sjö ára tóku foreldrar hennar þá ákvörðun að hún myndi ekki fara í skóla. Það stefndi allt í það að Bóna myndi enda í svipuðum aðstæðum og foreldrar hennar þegar Fjölskylduhjálpi SOS Barnaþorpanna greip inn í. Börnin voru send í skóla og foreldrar fengu einnig grunnmenntun ásamt því að þeir fengu hjálp við að bæta heimilisaðstæður sínar.

„Hlutfall læsis í Kosovó er frekar hátt ásamt hlutfalli barna í skóla,“ segir Feta, félagsráðgjafi hjá SOS Barnaþorpunum. „Að finna hjón sem eru bæði ólæs og neita börnunum sínum um menntun er ekki algengt.“

Hún segir þó að ólæsi foreldranna hafi bara verið einn hluti vandamálsins. „Aðstæðurnar sem fjölskyldan bjó við voru hræðilegar,“ segir Feta. „Foreldrar voru einfaldlega ekki hæfir til að sinna einföldustu heimilisverkum og þar af leiðandi var heilsa barnanna í mikilli hættu.“

Móðir Bónu kunni hvorki að nota hreinlætisvörur né lesa á miða svo hún vissi ekki hvað voru skaðleg efni og hvað ekki. „Til að hún myndi læra að þekkja muninn á hreinlætisvörum og drykkjarvörum kenndi Feta henni hvaða vara væri hvað og kenndi henni að leggja nokkra stafi á minnið. Stuttu síðar fengu öll börnin flensu og þá neyddi Feta hana til þess að læra nokkra stafi svo hún vissi hvaða lyf hún átti að gefa hverju barni.“

Fyrsta skrefið erfitt

Í dag eru komin tvö ár síðan

fjölskyldan fékk hjálp frá SOS Barnaþorpunum og hugarfar móður Bónu hefur breyst mikið. Í dag er hún sannfærð um að það sé gott fyrir börnin að vera í skóla. „Ég er ánægð fyrir þeirra hönd og það er gaman að sjá þau mennta sig. Því miður gátu elstu stelpurnar ekki byrjað í fyrsta bekk á réttum tíma vegna vandamála hjá okkur,“ segir hún á meðan tárin streyma niður kinnarnar.

Bóna og systir hennar byrjuðu saman í fyrsta bekk í almennum skóla. Þær fengu ný föt og skóládót frá SOS en það reyndist þeim erfitt að aðlagast í þeim bekk, sérstaklega Bónu. Feta sótti fljótlega um flutning um bekk fyrir stúlkurnar. Kennarinn í nýja bekknum var frábær og tók vel á móti stúlkunum sem líður núna mjög vel í skólanum. Móðir þeirra er einnig ánægð með skólaveruna. „Ég mæti á alla foreldrafundi. Kennarinn útskýrir fyrir mér í hverju stelpunum gengur vel og hvað þarf að bæta. Ég segir Fetu frá því og saman reynum við að gera betur. Fyrst ég fékk ekki tækifæri til að mennta mig ætla ég að gefa börnunum mínum það.“



Draumurinn rættist!

Irlanda Gálvez býr í SOS Barnaþorpinu í Malleco í Chile. Í sumar fékk hún þær góðu fréttir að hún hafi hlotið skólastyrk til þess að láta draum sinn rætast: Að læra lögfræði í Háskólanum Católica de Temuco.

Irlanda fæddist í litlu þorpi í suðurhluta Chile og fluttist í SOS Barnaþorp ásamt eldri bróður sínum þegar hún var þriggja ára. Síðan þá hefur hún búið hjá SOS móður sinni og systkinum. Irlanda hefur alla tíð verið mjög skemmtileg og ábyrg

stúlka. Þá er hún mikill leiðtogi og varð snemma afburða nemandi. Hún var tilnefnd af kennurunum sínum til þess að fá Programa Propedéutico Bravo skólastyrkinn.

Þegar hún var svo kölluð í viðtal vegna styrksins fór Irlanda á kostum og lét skýrt í ljós að hana langaði að læra lögfræði. Það er ekki að spyrja að því að stúlkan komst inn í skólann á skólastyrk, sem þýðir að hún þarf ekki að borga fyrir námið. Þar sem háskólanám í Chile er mjög dýrt hefði það ekki verið inni í myndinni fyrir Irlöndu að stunda þetta nám nema vegna styrksins.

SOS Barnaþorpin á Íslandi óska Irlöndu innilega til hamingju með þennan frábæra árangur!

Íbúð á Spáni til sölu

SOS Barnaþorpin á Íslandi eru með til sölu íbúð á Spáni sem samtökin erfðu eftir Önnu Kristínu Ragnarsdóttur. Íbúðin er á Orihuela Costa svæðinu (Playa Flamenca) nálægt Torre Vieja og er 70 fermetrar að stærð með tvö svefnherbergi. Sundlaug er í sameign og á staðnum er virkt félag íslenskra húseigenda með starfsmanni.

Íbúðin er nýmáluð og í henni eru húsgögn og húsbúnaður sem Anna heitin átti og geta þau fylgt með í kaupunum ef fólk vill. Einnig kemur til greina að kaupandi fái íbúðina afhenta tóma. Söluverð er 8.9 milljónir króna eða um 54.000 Evrur. Spænskur fasteignasali mun hafa milligöngu um söluna fyrir hönd SOS á Íslandi. Hægt er að greiða söluverðið í íslenskum krónum. Um 40 mínútur tekur að keyra á svæðið frá flugvelli í Alicante.

Anna Kristín sem lést á Spáni hafði gert erfðaskrá þar sem fram kom að SOS Barnaþorpin skyldu erfa hana og nýta andvirðið með þeim hætti sem kveðið er á um í erfðaskránni en Önnu heitinni var mjög umhugað um munaðarlaus börn og stöðu þeirra.





„Aftur í skólann“ átakið í Sýrlandi

Ein milljón barna hefur flúið Sýrland síðan átökin hófust þar í landi. SOS Barnaporpin styðja þær fjölskyldur en eru einnig til staðar fyrir þau börn sem eftir eru í landinu. Samtökin sinna neyðaraðstoð, til að mynda útvega þau matarbirgðir og fatnað ásamt því að finna fjölskyldum varanlegt heimili. Þá eru fjölskyldur aðstoðaðar við að koma börnum sínum í skóla. Með því að koma börnunum í skóla kviknar von hjá fólki sem hefur upplifað áföll og býr jafnvel í litlum og gluggalausum herbergjum sem eru yfirfull af fólki.

Öll börn eiga rétt á því að ganga í skóla en því miður er oftast ekki gengið á þann rétt barna í Sýrlandi. Fjölskyldur sem hafa þurft að flýja heimili sín og misst allar eignir sínar hafa sjaldnast efni á að borga skólagjöld og skólabúnað. Algengt er að slíkar fjölskyldur búi við mjög slæmar aðstæður og tekjur heimilisins litlar. Þá kemur SOS inn í myndina en átakið „Aftur í skólann“ var sett í gang í haust. Börnin eru skráð í skóla og skólagjöldin greidd. Þá er þeim gefinn svokallaður SOS skólapakki sem inniheldur allan helsta skólabúnað ásamt skólatösku og skólabúningi.

Eftirfarandi myndir eru frá fyrsta skóladeginum í grunnskóla einum í Damaskus nú í haust þar sem fjöldi barna fékk afhentan SOS skólapakkann.





LEIKSKÓLINN ÁLFAHEIÐI STYRKIR LÚKAS

Árið 2002 gerðist Leikskólinn Álfaheiði styrktarforeldri Lúkasar sem þá var 3 ára og bjó í SOS Barnaporpi Argentínu. „Við erum alltaf að vinna með jákvæð samskipti og fannst gott innlegg í þá vinnu að geta látið gott af okkur leiða og í leiðinni kynnst Lúkasi sem talar annað tungumál, býr í öðru landi og við aðrar aðstæður en börnin í leikskólanum,“ segir Elísabet Eyjólfsdóttir leikskólustjóri á Álfaheiði.

Í dag er Lúkas að verða 14 ára. Börnin á leikskólanum halda alltaf upp á afmælið hans en hann á afmæli 11. nóvember. „Þegar Lúkas á afmæli þá er foreldrunum boðið í afmæliskaffi. Á deildunum eru baukar til styrktar Lúkasi og börnin koma með klink að heiman eða jafnvel hlut af sínum

afmælispening til að setja í baukinn. Þá höfum við líka staðið fyrir fatamarkaði þar sem ágóðinn rann til Lúkasar. Það er svo gott fyrir börnin að finna að margt smátt gerir eitt stórt, og þau geti virkilega hjálpað Lúkasi með sínu framlagi.“

Þá gefa börnin í Álfaheiði Lúkasi alltaf afmælisgjöf. Síðasta afmælisgjöf var ansi sérstök en þá fengu börnin gefins áritaða landsliðstreyju frá KSÍ sem þau sendu svo til Lúkasar sem er mikill áhugamaður um fótbolta. „Núna er Lúkas orðinn svo stór að það er sífellt erfiðara fyrir börnin að finna gjafir handa honum. En það er bara gaman því börnin þurfa að hugsa lengra til að finna upp á einhverri sniðugri gjöf. Það gengur ekki lengur að hugsa um hvað þau sjálf langar í heldur þarf að spá hvað stóra bróður eða stóru systur myndi langa í.“ Það er alltaf mikið hugsað og þælt á leikskólanum til að velja réttu gjöfina. „Í samverustund velta börnin fyrir sér hugmyndum að



Elstu börnin að raða fötum í kassa fyrir fatamarkaðinn

gjöf en hún má ekki vera of dýr og ekki of stór því það kostar mikið að senda pakka til Argentínu. Þá læra þau líka smám saman að það er ekki hægt að senda hvað sem er. Börnin búa svo til afmælistkort, pakka gjöfinni inn og fara svo með pakkann á pósthúsið.“

Elísabet segir börnin læra mikið af því að hafa svona verkefni í gangi. „Þetta er börnunum hjartans mál og þau upplifa mikla tengingu við Lúkas.“ Hún segir áberandi hvað börnin hugsu hlylega til hans. „Einn drengurinn á leikskólanum kom með þá hugmynd hvort við ættum ekki að senda Lúkasi bók



Feðgar að gefa í baukinn hans Lúkasar



Frá samverustund í Álfaheiði

með ástarkveðjum. Það varð úr að við sendum honum bók með teikningu frá hverju barni og jákvæðar hugsanir fylgdu með. Þetta kennir börnunum að það þarf ekki alltaf að kaupa heldur er líka hægt að gefa frá sér á annan hátt.“

Þá segir Elísabet verkefnið vera einn lið í uppeldi og námi í leikskólanum. Í Álfaheiði er unnið með námsefnið Lífsmennt sem er byggt á lífsgildum og jákvæðum og kærleiksríkum samskiptum. Lífsgildin eru tólf. Friður, virðing, kærleikur, ábyrgð, auðmýkt, hamingja, samvinna, heiðarleiki, umburðarlyndi, einfaldleiki, eining og frelsi. Þegar námsefnið var samið var Barnasáttmálinn hafður að leiðarljósi. „Börnin læra að fjölskyldur og heimili eru mismunandi. Þau vita að Lúkas á líka fjölskyldu þó hún sé ekki eins samsett og hin hefðbundna íslenska fjölskylda. Þau læra að bera virðingu fyrir Lúkasi þó svo að hann búi við ólíkar aðstæður. Þegar þau eru komin á elstu deild er svo hægt að kenna þeim um landafræði og matarmenningu út frá því hvar Lúkas býr. Þá skilur verkefnið svo mikið eftir sig hjá börnunum, jafnvel eftir að þau útskrifast úr leikskólanum, segir Elísabet.“

SOS Barnaþorpin eru mjög þakklát fyrir þetta góða starf í leikskólanum Álfaheiði og má búast við frekara samstarfi á nýju ári.

NÝTT Á WWW.SOS.IS

minarsíður.sos.is

Styrktarforeldrar geta fengið upplýsingar um styrktarbarn sitt.

Til að mynda:

- afmælisdag barns
- hvenær byrjað var að styrkja
- heimilisfangs barns
- staðsetning þorps á korti
- myndir af barni
- öll framlög og peningagjafir til barns

Til þess að geta skráð sig inn á mínar síður þurfa styrktarforeldrar að hafa gefið SOS upp netfangið sitt. SOS biður því þá styrktarforeldra sem ekki eru með skráð netfang að senda það á sos@sos.is eða hringja í síma 564 2910.

